

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 565/2014 um gjaldeyrismál.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Söluandvirði eða aðrar greiðslur vegna fjármálagerninga samkvæmt 1. mgr. skulu greiddar inn á reikning sem er háður sérstökum takmörkunum samkvæmt lögum nr. 37/2016 um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna viðskipta með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyrri, aðra en fjármálagerninga skv. 2. og 3. gr., þar sem seljandi er erlendur aðili og kaupandi er innlendir aðili, eru undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, að undangenginni staðfestingu Seðlabankans.

- b. 1.-3. tölul. 1. mgr. falla brott.

- c. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Fjármálfyrirtæki sem hefur milligöngu um viðskipti eða uppgjör viðskipta skv. 1. mgr. skal óska staðfestingar Seðlabanka Íslands um viðskiptin á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is.

- d. Inngangsmásl. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Beiðni um staðfestingu skv. 2. mgr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn.

- e. a. liður 3. mgr. verður svohljóðandi:

Dagsetning fyrirhugaðrar sölu.

- f. e. liður 3. mgr. verður svohljóðandi:

ISIN-númer útgáfu (rafrænt skráð verðbréf).

- g. g. liður 3. mgr. verður svohljóðandi:

Áætlað söluandvirði.

- h. Við 3. mgr. bætist nýr málslaður sem verður h. liður, svohljóðandi:

Heiti og kennitala vörluaðila bréfa.

- i. Við 3. mgr. bætist nýr málslaður sem verður j. liður, svohljóðandi:

Upplýsingar um hvernig greiðsla kaupverðs fjármálagernings fer fram.

- j. i. liður 3. mgr. fellur brott.

- k. k. liður 3. mgr. fellur brott.

- l. Við greinina bætist ný 4. mgr., svohljóðandi:

Hafi Seðlabankinn veitt staðfestingu fyrir viðskiptum skv. 1. mgr. skal uppgjörskvittun fyrir verðbréfasölu, staðfest af viðkomandi fjármálfyrirtæki með undirritun starfsmanns ásamt stimpli, send Seðlabankanum á sama netfang.

- m. 5. mgr. verður svohljóðandi:

Söluandvirði og aðrar greiðslur vegna viðskipta með fjármálagerninga skv. 1. mgr., sem falla undir 1. tölul. 2. gr. laga nr. 37/2016 um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, skal lagt inn á reikning í eigu seljanda sem háður er sérstökum takmörkunum samkvæmt sömu lögum.

- n. Við bætist ný málsgrein sem verður 6. mgr., svohljóðandi:

Söluandvirði og aðrar greiðslur vegna viðskipta með fjármálagerninga skv. 1. mgr., annarra en þeirra sem falla undir 5. mgr., skal lagt inn á reikning í eigu seljanda í innlendum gjaldeyrri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglnanna:

- a. Við greinina bætist ný 7. mgr., svohljóðandi:

Nr. 407

23. maí 2016

Staðfesting á heimild til úttektar á vöxtum og verðbótum vaxta af reikningum sem eru háðir sérstökum takmörkunum samkvæmt 11. gr. laga nr. 37/2016 felur jafnframt í sér staðfestingu á heimild til gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa vegna slíkra greiðslna.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. reglnanna:

a. Við greinina bætist ný 5. mgr., svohljóðandi:

Staðfesting á heimild til úttektar á arði af reikningum sem eru háðir sérstökum takmörkunum samkvæmt 11. gr. laga nr. 37/2016 felur jafnframt í sér staðfestingu á heimild til gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa vegna slíkra greiðslna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. reglnanna:

a. e. liður 1. mgr. verður svohljóðandi:

ISIN-númer arðgreiðanda (ef rafrænt skráð).

6. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. maí 2016.

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Ingibjörg Guðbjartsdóttir,
framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2016